

Fundargerð 3. fundar Landbúnaðar- og atvinnumálanefndar Flóahrepps

Fundarstaður: Fundarsalur Þingborg
Fundardagur: Miðvikudagur 16. nóvember 2022
Fundartími: 16:30 – 18:30

Fundinn sátu: Stefán Geirsson, Guðmundur Bjarnason, Björk Guðbjörnsdóttir

Dagskrá:

1. Atvinnustefna
2. Uppbygging í Heiðargerði
3. Landeldismál
3. Önnur Mál

1. Atvinnustefna

Oddviti og Sveitarstjóri funduðu 15. nóvember s.l. með ráðgjafa SASS ásamt fulltrúum Árborgar og Hveragerðis. Fulltra Ölfus var einnig boðið á fundinn en mætti ekki. Áhugi fyrir hendi að skoða þessi mál sameiginlega meðal sveitarfélaganna. Nefndin mun ekki koma að málínu fyrr en vinnan er komin eitthvað lengra af stað.

2. Uppbygging í Heiðargerði

Stefán fór í vettvangsferð í Kjötmjölsverksmiðjuna ásamt oddvita og fulltúum Orkídeu sem er samstarfsverkefni um nýsköpun á Suðurlandi á vegum Landsvirkjunar, Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, Landbúnaðarháskóla Íslands og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis. Til skoðunar eru möguleikar á því að nýta umframorkuna sem verður til við kjötmjölsframleiðsluna í einhverns konar græna iðngarða. Nefndin álítur að skoða þurfi með hvaða hætti sveitarfélagið gæti stutt við slíkt verkefni, t.d. með því að beita sér fyrir því að tryggja framboð á rafmagni og heitu og köldu vatni.

3. Landeldismál

Fulltrúar búnaðarfélaganna á svæðinu tóku umræðu með nefndarmönnum um áform fyrirtækisins Landeldis um áburðarframleiðslu í Þorlákshöfn úr fiskeldisúrgangi og búfjáráburði. Rætt var að óska eftir kynningarfund frá Landeldi fyrir íbúa Flóahrepps til að kynna möguleikana sem þessi starfsemi felur í sér. Reynir Jónsson formaður Búnaðarfélags Víllingaholtshrepps og stjórnarmaður bændasamtakanna kanna möguleikann á því að fá fulltrúa Landeldis til þess að kynna verkefnið.

4. Önnur mál

Nefndin leggur til að sveitarfélagið útbúi kynningarrefni og haldi jafnvel kynningarfund fyrir íbúa um almennar skyldur búfjár- og landeigenda sem og styrkjamöguleika í girðingamálum.

Umræða var tekin um væntanlega skýrslu um kornrækt en drög hennar voru kynnt fyrir Bændasamtökunum fyrir stuttu. Mikilvægt að nefndin og sveitarfélagið fylgist grannt með útgáfu skýrslunnar og skoði möguleika á því að uppbygging innviða vegna kornræktar geti hugsanlega átt sér stað í sveitarfélagini.

Formaður lagði fram upplýsingar um matvælaþing ef nefndarmenn hefðu áhuga á því að taka þátt í því.

Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum.

Guðmundur Bjarnason

Stefán Geirsson
Björk Guðbjörnsdóttir